



STRANDABYGGÐ
SÓL ER SKÝJA SKJOLDUR OG SKÍNNAÐA ROFAILL OG ÍSA ALDRITREGI



Dalabyggð



Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs.

Fundargerð nr. 4, 20.08.20

Fundur var haldinn í Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda bs. (Brunavarnir DRS), fimmtudaginn 20.08.20. kl 09.30 í Tjarnarlundi í Saurbæ. Mættir voru; Kristján Sturluson, Dalabyggð, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahreppi, Ívar Örn Þórðarson, slökkviliðsstjóri og Þorgeir Pálsson, Strandabyggð, sem ritaði fundargerð.

Formaður stjórnar, Kristján Sturluson, bauð menn velkomna og var því næst gengið til dagskrár:

- Fjárhagsáætlun 2021.** Formaður rakti ferlið og sagði áætlunina þurfa að vera til um miðjan september. Þá færi hún í umræðu í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna og yrði síðan rædd á ársfundi í lok september. Einnig þyrfti starfsskýrsla ársins að liggja fyrir þá og er slökkviliðsstjóra falið að hefja vinnu við gerð skýrslu um starfsemina 2020.
Rætt var um að megin inntak áætlunarinnar væri launa- og vaktageiðslur en gera þyrfti ráð fyrir einhverjum greiðslum vegna námskeiða. Tekjur af útseldri vinnu slökkviliðsstjóra kæmu inn sem beinar tekjur samlagsins og myndu lækka framlög sveitarfélaganna.
Áhersla var á að klára sem fyrst áætlun um vaktir og þjálfun sem og brunavarnaráætlunina. Slökkviliðsstjóri sagðist leggja upp æfingaplan sem tæki mið af Covid-19 aðstæðum og ætti það ástand ekki að trufla mikið æfingarnar; þvert á móti mætti taka þær kröfur sem því fylgja inn í æfingarnar. Hættan við Covid-19 smit er meira tengd aðkomu að slysum en bruna.
- Ársfundur 2020.** Formaður rakti fyrirkomulag fundarinnar, sem yrði opinn öllum fulltrúum sveitarfélaganna. Fundurinn þyrfti að vera í lok september og voru fundarmenn sammála um að halda hann 29. september kl 17.00. Fundinum yrði streymt.
- Dreifing fundargerða.** Rætt var um að fundargerðir færi inn á sveitarstjórnarfundi til kynningar. Ritari sendir allar fundargerðir á stjórn til áréttingar.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.** Slökkviliðsstjóra fór yfir starfsemina og var þar helst:
 - Áhættumat.** Unnið er að áhættumati sem hluta af brunavarnaáætlun. Matið samanstendur af ólíkum þáttum og þarf að meta umfang hvers og eins þeirra. Lögð var áhersla á að grunnur að matinu verði tilbúinn fyrir ársfund auk þess sem matið fer í skoðun hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS).
 - Varðstjóramál.** Þau eru ekki í fullkomnu lagi þar sem ekki hefur verið gengið frá ráðningu varðstjóra á Hólmavík. Sveitarstjóri Strandabyggðar og slökkviliðsstjóra ganga í það mál.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJOLDUR OG SKÍNNAÐA ROFAILL OG ÍSA ALDRITREGI



Dalabyggð



- Æfingaplan. Æfingaplan út 2020 liggur fyrir. Lítið hefur verið æft frá mars 2020, en reiknað er með fimm æfingum á hvert lið fram til áramóta. Námskeiðahald hefur gengið vel og nefndi slökkviliðsstjóri sérstaklega námskeið á Reykhólum.
Rætt var um mikilvægi þess að senda liðsmenn í læknisskoðun, sérstaklega þá sem sinna erfiðisvinnu.
Nú í septeber verður lögð áhersla á æfingar í skólum sem og rýmingaráætlanir. Eins verður farið í leikskóla og haldin kynning fyrir elstu krakkana þar.
 - Innkaup á búnaði. Mikilvægt er að kanna stöðu á hverjum stað áður en keypt er inn. Eins þarf að skoða innkaup í ljósi aðhaldsaðgerða sveitarfélaganna vegna Covid-19. Mikilvægt að skipuleggja innkaupin þannig að sveitarfélögin séu ekki öll að kaupa það sama, heldur geti skipts á tækjum og búnaði þar sem það á við.
Ekki verður safnað í tækjasjóð vegna útseldrar vinnu slökkviliðsstjóra, heldur koma þær tekjur til lækkunar á framlagi, eins og fram kom framar. Núverandi skilgreining á hlutverki samlagsins rúmar aðeins rekstur yfirstjórnar.
 - Brunavarnaráætlun. Unnið er að áætluninni í samráði við HMS. Áætlunin á að vera til fimm ára en má endurnýja örar. Slökkviliðsstjóri talaði um að gögn vegna sveitabæja vantaði. Lögð var áhersla á að klára þessa vinnu sem og starfsáætlunina, og að drög að brunavarnaráætluninni verð lögð fram á fundinum 29.9 en áætlunin klár um áramót.
5. **Önnur mál.** Tætt var um brunavarnir á eignum sveitarfélaga. Ef einhverju er ábótavant er mikilvægt að koma þeim upplýsingum í ferli og til viðkomandi aðila innan sveitarfélaganna sem fyrst. Var tekið dæmi um stærð hurðar í félagsheimilinu á Hólmavík, sem er ekki í samræmi við teikningar. Einnig var rætt um eftirlit og yfirferð á slökkvitækjum í eigu sveitarfélaganna. Þar eru forstöðumenn deilda ábyrgir fyrir eftirliti.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl 10.50.

Kristján Sturluson
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
Þorgeir Pálsson
Ívar Örn Þórðarson